

Svar við opnu bréfi til sóttvarnaráðs dags. 1. apríl 2020

11. apríl 2020

Sóttvarnaráð er skipað af heilbrigðisráðherra skv 6. gr sóttvarnarlaga, nr. 19/1997 til fjögurra ára í senn. Þar skulu eiga sæti sérfræðingar á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma og faraldsfræði/heilbrigðisfræði, heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur með sérþekkingu á sviði sóttvarna. Ráðið mótastefnu í sóttvörnum og skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Uppbygging sóttvarna á Íslandi er með þeim hætti að embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn ráðherra. Sóttvarnalæknir er framkvæmdaaðili undir yfirstjórn ráðherra sem skipuleggur og samræmir sóttvarnir með ýmsum hætti. Sóttvarnarráð er til ráðgjafar og getur komið með ráðleggingar eða ábendingar, eftir því sem kallað er eftir. Sóttvarnaráð er ekki eftirlitsaðili með heilbrigðisþjónustu eða sóttvarnaráðstöfunum, það er hlutverk landlæknis. Sóttvarnalæknir er framkvæmdaaðili sem tekur endanlegar ákvarðanir og ber ábyrgð á þeim.

Starf sóttvarnaráðs felst því fyrst og fremst að vera til ráðgjafar, bæði sóttvarnalækni og eins ráðherra þegar eftir því er kallað.

Sóttvarnaráði hefur verið vel kunnugt um grunnvinnu sóttvarnalæknis og almannavarna um viðbúnað við heimsfaraldri (inflúensu) frá upphafi- og margir úr ráðinu tekið beinan eða óbeinan þátt í þeirri undirbúningsvinnu. Í núverandi faraldri hefur sóttvarnaráð fundað tvisvar sinnum með sóttvarnalækni, fyrst í byrjun faraldurs, 13. febrúar 2020. Sóttvarnalæknir kynnti þar fyrir ráðinu það áhættumat sem stuðst var við og áætlun aðgerða sem farið hefur verið eftir. Unnið er eftir áætlun um heimsfaraldur sem almannavarnir gefa út í samvinnu við sóttvarnalækni og hafa verið rýndar endurtekið af öllum viðbragðsaðilum og flestum stofnunum á Íslandi<sup>1</sup>. Áætlanir sóttvarnalæknis voru samþykktar án athugasemda. Næsti fundur sóttvarnaráðs var haldinn 2. apríl 2020, þar sem sóttvarnalæknir kynnti helstu atriði í þróun faraldursins, niðurstöðum prófana og framhald á áætlunum fyrir ráðinu og svaraði fyrirspurnum.

Sóttvarnaráð hefur skilning á því að margir kunni að hafa skoðanir á ýmsum aðgerðum á Íslandi enda viðbrögð þjóða við COVID-19 faraldrinum mismunandi. Aðgerðirnar á Íslandi hafa falið í sér öflugar aðgerðir á sviði greininga og hefur verið út frá þeim niðurstöðum verið gengið ákveðið fram varðandi smitakningar og sóttkví/ einangrun verið beitt eins og kostur er. Þá hefur verið lögð hefur verið rík áhersla á miðlun upplýsinga til almennings og leiðbeininga til að draga úr smiti eins og kostur er. Umfangsmikil gagnasöfnun hefur verið gerð í tengslum við smitakningar og hafa aðgerðir sóttvarnalæknis meðal annars byggst á þeim gögnum, þ.m.t. er varða nokkur þau álitæfni sem að þið nefnið í bréfi ykkar: i) Tíðni smits í grunnskólum hefur ekki krafist þess að þeim samfélagslegu mikilvægu

---

<sup>1</sup> Fyrri útgáfa hét áætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu

[https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item29596/2016\\_%C3%A1%C3%A6tlun%20vegna%20heimsfaraldurs%20in%C3%BAensu-%20%C3%BAtg%C3%A1fa%202.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item29596/2016_%C3%A1%C3%A6tlun%20vegna%20heimsfaraldurs%20in%C3%BAensu-%20%C3%BAtg%C3%A1fa%202.pdf)

stofnunum verði lokað ii) smit frá erlendum ferðamönnum hefur verið lítið inn í íslenskt samfélag og iii) beiting smitrakninga, sóttkvíar og einangrunar hefur skilað miklum árangri.

Eins og bréfitrarar ættu að þekkja, getur verið erfitt að spá um þróun faraldursins nema aðeins örfáa daga fram í tímann. Sóttvarnarráð telur þannig ómögulegt að spá fyrir um fjölda veikra, látinna og þá sem að sitja uppi með varanlegt heilsutjón eins og þið farið fram á. Sóttvarnarráð telur að það verði að gera ráð fyrir að kórónaveiran verði viðvarandi heilsufarsógn á Íslandi sem og annars staðar marga mánuði og jafnvel misseri og þær leiðir sem að bréfitrarar nefna til að „stöðva faraldurinn“ á tveimur mánuðum óraunhæfar með öllu.

Sú staða sem nú er uppi í heiminum, á sér ekki hliðstæðu í hinum tæknivædda nútíma. Fara þarf allt aftur til spænsku veikinnar 1918 til að finna einhverja hliðstæðu- þó í allt annarri samfélagsgerð. Mögulegt mesta umfang faraldurs af þessari gerð er þess eðlis að helst verður lýst sem náttúruhamfarir. Miðað við nýlegt reiknilíkan sem vitnað er í í bréfinu 1.4. sl, frá Imperial collage og miðað að  $R^0$  sé upp á 3,0<sup>2</sup> sést að ef ekkert væri að gert, mætti búast við að allt að 300 þúsund Íslendingar myndu smitast á Íslandi, yfir tvö þúsund látast og yfir 12 þúsund þurfa innlagnir á sjúkrahús og þar af meira en 3 þúsund gjörgæslumeðferð. Það er því ljóst að hamförum af þessu umfangi, þarf að verjast með öllum mögulegum ráðum.

Viðbrögð við heimsfaraldri af þessari gerð, eru margþætt og þurfa víðtæka samstöðu til að skila árangri. Að mála myndina tveimur litum eins og gert er í bréfinu hvað varðar „suppression“ eða „mitigation“ er vægast sagt einföldun, og ekki í neinu samræmi við þær tilvitnanir sem jafnframt er vísað í. Eftir að faraldurinn er kominn af stað í samfélaginu, er ekki hægt að beita eingöngu einni aðferð heldur þarf að beita saman öllum hugsanlegum aðgerðum sem geta skilað árangri, með það að marki að minnka faraldurinn eins og hægt er- bæði til að draga úr þjáningum og dauða, og ekki síður að viðhalda starfhæfu heilbrigðiskerfi. Þá er nauðsynlegt að viðhalda viðbúnaði meðan faraldurinn er enn þá í gangi á heimsvísu, þar sem líklega geta komið fleiri bylgjur á eftir þessari.

Í stuttu máli lýsir sóttvarnaráð yfir einróma í stuðningi við mat, nálgun og aðgerðaáætlun sóttvarnalæknis og almannavarna í núverandi COVID-19 faraldri.

f.h. sóttvarnaráðs

Ólafur Guðlaugsson formaður

---

<sup>2</sup> <https://www.imperial.ac.uk/media/imperial-college/medicine/sph/ide/gida-fellowships/Imperial-College-COVID19-NPI-modelling-16-03-2020.pdf>